

56. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. mars 2020, kl. 13:00 í netfundi.

**Mættir:** Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Inga Eiríksdóttir fulltrúi kennara og fjármálastjóri, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Starfsmannamál

Skólameistari gerði grein fyrir því að dönskukennari hefði sagt upp og því verður auglýst eftir dönskukennara fyrir næsta haust. Skólameistari nefndi einnig að nú yrði sent inn erindi vegna fjölgunar nemendaígilda og ef það fæst þarf að gera ráð fyrir fleiri kennurum.

### 2. Störf skólanefndar

Farið yfir störf og verklag skólanefndar. Skólameistari lagði til að ársskýrsla yrði ekki lögð fram á þessum fundi eins og ráð var fyrir gert þar sem ráðuneyti hefur nú fært skil hennar þar til í apríl. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði til umfjöllunar á fundi þann 27. maí.

### 3. Rekstrarniðurstöður fyrra árs

Fjármálastjóri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu skólans í lok fyrra árs og stöðunni eftir tvo mánuði á nýju ári. Tekið skal fram að árið 2019 hefur ekki verið gert upp.

### 4. Viðbrögð vegna Covid 19

Skólameistari gerði grein fyrir viðbragðsáætlun skólans sem lokið var við fyrir stuttu. Hún hafði verið í vinnslu síðasta ár. Áætlunin hefur komið sér afar vel og verið virkjuð nú í viðbrögðum vegna Covid 19. Ferlið hefur gengið eftir áætlun og allur undirbúningur virkar vel. Kennt er á netinu samkvæmt stundatöflu og nemendur í dagskóla mæta þar.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.